

Dagsverk er metið á kr. 15.000.-

Lagt var á 2038 vetrarfóðraðar kindur kr. 650,- pr. kind, samkvæmt upplýsingum um vortölur frá eigendum sauðfjár og haustskýrslum hjá þeim sem ekki skiluðu vortölum. Einnig 2% gjald á fasteignamat lands bújarða, jafnt þó í eyði séu.. Matur verður í öllum leitum í afrétti. Kostnaður er kr. 10.200 á hvern leitarman, sem er reiknað inn í fjallskil.

Um er að ræða fullt fæði, sjá fjallskilaseðil.

Leitir og réttir haustið 2016 verða sem hér segir.

### **LEITIR:**

- I. Leit skal gerð laugardaginn 17.september og sunnudaginn 18. september.
- II. Leit skal gerð laugardaginn 1 og sunnudaginn 2.október.
- III. Leit laugar.15.október og sunnud. 16. október, ef veður leyfir að mati leitarstjóra.
- I. Múlaleit verður sunnudaginn 18. september.
- II. Múlaleit verður sunnudaginn 2.október
- III. Múlaleit verður sunnudaginn 16. október, ef veður leyfir að mati leitarstjóra.

### **RÉTTIR:**

- I. rétt verður mánudaginn 19. september og hefst kl. 10 árdegis.
  - II. rétt verður mánudaginn 3.október og hefst kl. 10 árdegis.
  - III. rétt verður mánudaginn 10. október og hefst kl. 10 árdegis í framhaldi af smölun heimalanda.
- Aukarétt verður að aflokinni þriðju leit ef þörf er á.

### **LEITARSTJÓRN:**

Leitarstjóri í fyrstu og annari leit í innfjalli Halldóra Jónasdóttir Rauðanesi.

Leitarstjóri í þriðju leit í innfjalli Kristbjörn Jónsson Bóndhól.

Í Múlaleitum Guðmundur Sigurjónsson Valbjarnarvöllum

Leitarstjórar skulu gæta þess eins og kostur er að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum.

### **RÉTTARSTJÓRN:**

Í öllum réttum: Guðrún Fjeldsted Ölvaldsstöðum.

### **MARKLÝSINGARMENN:**

Sigurjón Jóhannsson Valbjarnarvöllum

Sveinn Finnsson, Eskiholti I.

### **HEIMASMALANIR OG FL:**

Heimalönd verði smöluð helgina 8. og 9. október til þriðju réttar.

Vanræki einhver slíka smölun er sveitarstjórn heimilt að láta smala landið á kostnað landeigenda. Ekki verður greitt fyrir fjárflutninga innan sveitarfélagsins eftir skilaréttir.

Áríðandi er að leitarmenn séu vel útbúnir í hlýjum og vatnsheldum fatnaði í skærum litum.

Gjalddagi fjallskilagjalda er 20 október og eindagi 31 október.

Kaffisala verður í fyrstu rétt.

Valbjarnarvöllum 21.ágúst 2016.

Afréttarnefnd Borgarhrepps, Ystutungu og Norðurárdals vestan Norðurár, BSN.

Sigurjón Jóhannsson Guðrún Fjeldsted Unnsteinn Elíasson Þórhildur Þorsteinsdóttir